HAFNARFJÖRÐUR

Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Samþykkiseyðublað vegna myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis í Hraunvallaskóla

Nemandi _____ kt._____

Til að uppfylla skyldur skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þarf skólinn að afla samþykkis forsjáraðila (foreldrar/forráðamenn) áður en teknar eru og birtar myndir og myndskeið af nemendum á vegum skólans úr skólastarfinu (þ.m.t. starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar).

Skólinn starfar eftir ákveðnum vinnureglum sem eru grundvöllur að samþykki þessu. Þær reglur varða öflun og meðferð myndefnis sem samþykki þetta tekur til og eru sérstaklega kynntar á bakhliðs þessa eyðublaðs.

Á eyðublaði þessu lýsa forráðamenn því yfir hvort þeir séu samþykkir aðgreindum vinnsluaðgerðum grunnskólans á persónuupplýsingum barns þess hvað varðar myndatökur, myndbandsupptökur og birtingar myndefnis. Forsjáraðili/-ar tekur/taka með þeim hætti afstöðu til þess hvort heimilt sé að taka ljósmyndir og myndbönd af barni hans og vinna með þeim hætti sem að neðan greinir og staðfestir þá afstöðu sína með undirritun sinni.

1. Heimilt er að taka myndir og myndskeið af barninu í daglegu starfi skólans	☐ Já ☐ Nei
2. Heimilt er að birta myndefni af barninu á opinni vefsíðu skólans	☐ Já ☐ Nei
3. Heimilt er að birta myndefni af barninu á opinni vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar	☐ Já ☐ Nei
4. Má birta myndefnið í útgefnu efni á vegum skólans og/eða Hafnarfjarðarbæjar (t.d. fréttabréfum, kynningarefni og skólanámsskrá)?	☐ Já ☐ Nei
Heimilar þú allt ofangreint (þú þarft þá ekki að haka við í reitina hér ofar)	☐ **Já** ☐ **Nei**

Þær upplýsingar sem þú veitir okkur hér verða varðveittar með öruggum hætti og ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi en til að staðfesta að þú hafir veitt samþykki þetta.

Myndatökur og meðferð myndefnis úr skólastarfinu af hálfu foreldra og forsjáraðila er á þeirra eigin ábyrgð og tekur samþykki þetta ekki til þess. Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki þetta.

Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti þeirrar myndatöku og myndbirtingar sem fram hefur farið fram að þeim tíma. Ef samþykki hefur ekki verið afturkallað gildir það á meðan viðkomandi barn er skráð í skólann. Hægt er að afturkalla eða breyta samþykki þessu með því að fylla aftur út þetta eyðublað og skila inn til skólans.

Ég staðfesti að ég hef kynnt mér efni þetta og veiti samþykki mitt fyrir því að teknar verði myndir og myndskeið af barni mínu í samræmi við listann hér að framan.

Hafnarfjörður, _____/_____20___

_____ _____

Undirskrift forsjáraðila 1 Undirskrift forsjáraðila 2 (ef við á)

Undirskrift nemanda (þar sem við á): _____

HAFNARFJÖRÐUR

Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Reglur og meðferð grunnskóla við myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis

Sem liður í uppeldis- og menntastarfi grunnskólans og til að veita forsjáraðilum og nemendum innsýn í starfsemi okkar eru teknar ljósmyndir og myndbönd af nemendum í leik og starfi. Tilgangurinn með myndatöku skólans í skólastarfinu (þ.m.t. starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar) og birtingu myndefnis er að upplýsa forsjáraðila um skólastarfið og miðla upplýsingum úr daglegu starfi skólans til almennings og jafnframt fanga sögu hans og bæjarins.

Myndefni er almennt vistað í ljósmyndabanka grunnskólans. Myndefnið getur birst í starfi hans innan grunnskólans og á vefsíðu hans eða Hafnarfjarðarbæjar. Ljósmyndir eru til dæmis notaðar í fréttabréfum, í kynningarefni og í skólanámskrá til að upplýsa forsjáraðila um skólastarfið. Bekkjarmyndir eru eftir atvikum teknar af starfsmanni grunnskóla eða ljósmyndara á vegum hans þar sem þau eru nafngreind og mun forráðamönnum standa til boða að kaupa eintök af bekkjarmyndum barna sinna.

Almennt eru þetta atriði sem skólinn vinnur eftir:

1. Um allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar gildir að gæta ber varúðar, nærgætni og siðgæðis. Börn munu aldrei vera sýnd á ögrandi, niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu vansæl, í vandræðalegum aðstæðum eða klæðalítil.
2. Skólinn er ábyrgðaraðili vinnslunnar og mun fylgja gildandi lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð myndefnis.
3. Skólinn mun ekki taka ljósmyndir eða myndbönd af nemendum nema með samþykki þeirra hverju sinni. Er það og í samræmi við verklagsreglur skólans um myndatökur.
4. Sé efni birt á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar eða útgefnu efni á vegum hans þá er bærinn samábyrgðaraðili varðandi þá birtingu og fylgir sömu ákvæðum laga.
5. Skólinn mun ekki nota myndefni af barni eftir að það hættir skólagöngu sinni hjá okkur nema ef vera skyldi í sögulegu skyni. Allt myndefni er varðveitt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Almenn varðveisluskylda skjala skv. lögunum er 30 ár áður en þeim er skilað á Þjóðskjalasafn.
6. Skólinn mun ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um þá sem birtast í myndefni þegar myndefnið er notað, hvorki á heimasíðu eða í kynningarefni sem við gefum út nema þegar um sérstakar aðstæður er að ræða. Sem dæmi þá getur gerst að birta nafn við mynd ef barn hefur unnið til sérstakra verðlauna.
7. Fjölmiðlar koma í skóla við hin ýmsu tilefni og taka myndir/myndbönd. Slíkar heimsóknir eru ávallt háðar leyfi frá stjórnendum en nemendur skólans kunna að vera í myndefni sem birtist í fjölmiðlum í kjölfar slíkra heimsókna. Skólinn mun ávallt leita sérstaklega samþykkis forsjáraðila ef til stendur að birta myndefni og viðtöl við einstaka nemendur í þágu fréttamennsku/fjölmiðlunar og eru ekki opinberir viðburðir á vegum skóla.
8. Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar eða myndum miðlað annað, sem dæmi til annarrar stofnunar/fyrirtækis eða annarra landa, án leyfis forráðamanna og eru varðveitt sem trúnaðarmál.

Ofangreindar vinnureglur eru staðfestar af skóla með undirritun skólastjóra.

Hafnarfirði 02.01 janúar 2019

Skólastjóri